




Kennsluleiðbeiningar

A

B



TAK

KENNSLULEIÐBEININGAR

A B

Til kennara

Almennt um námsefnið	5
Nemendabók	5
Verkefnabækur	6

OPGAVEBOG A

1 Hjemmet	8
Tak tak tak	8
Boligen	9
Hvordan bor du?	9
En ejendom	10
Hvad ville du tage med, hvis dit hjem brændte?	10
Rasmus og Natasja	11
Pligter i hjemmet	11
I sommerhus	12

2 Familien	
Tak skal du ha'	14
Familier er forskellige	14
Dine, mine og vores børn	14
Noget om en mærkelig familie	14
Min familie	15
Regnbuefamilier	15
Kender du ordet curlingbørn?	15
Bedsteforældre	16
Brevkassen	16
Storm bor to steder	17
Esther har en stor familie	17
På caféen	17
Özlems historie	17

3 Fritid og interesser	
Tak	50
En sjov fridag	51
Ting man kan lave sammen med familien	52
Keder du dig?	55
Hvilken sport dyrker du?	58
Sjove OL sportsgrene	62
Vidste du at	64
De Olympiske Leges historie	64
En læsehest	67
Snestorm	69
I frit fald	69
Jeg er YouTube	70
YouTube	71

4 Mod er mange ting	
Tak	24
Hvad er mod?	24
Mod i hverdagen	24
Heltemod	24
Ella er en børnehelt	25
13-årige Jonathan er en helt	25
Kåret til Danmarks dyrehelt	26
Modige flygtningebørn	26

Modig eller dum?	26
Malala Yousafzai	27
Kejseren og blomsterfrøet	27
Mod til at overleve	27

OPGAVEBOG B

5 Fra barn til voksen	
Tak tak tak	29
Teenagere	29
Seje teenagere	29
Unge i dag	30
Kære far og mor	30
Ikke barn og ikke voksen	31
Rasmus	31
Maja	31
Tag det roligt	32
Karinas konfirmation	32
Williams nonfirmation	32
Blå mandag	32
Den perfekte dag	33
Nyheder	33
Stakkels storebror	33
Verden rundt	33

6 Vi er alle forskellige	
Tak	35
Fire unge mennesker	35
En kort en lang	35
Vi er forskellige	36
Uhyggeligt udseende	36
Hekse	37
Mere om hekse	37
Halloween	37
Går du op i dit udseende?	38
Klædt på til fest	38
Unge forbrugere	38
Er jeg ikke flot?	38

7 Krop og følelser	
Tak	41
Din krop	41
Når du spiser - Når du drikker	41
Sundhed - Kontakt	42
Tanker og følelser	42
Forskellige følelser	42
Dumme tanker og følelser	43
Stakkels mig	43
Stærke følelser	43
Undskyld	43
Rotter viser følelser	43
Mere om din krop	43
Syg eller rask?	44
I skolen	44
Magnus kan dø af grin	44
10 gode grunde til at grine	44

Til kennara

Við samningu *Tak* var stuðst við Aðalnámskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2013.

Almennt um námsefnið

Tak er hugsað sem grunnefni til dönskukennslu í 8. bekk grunnskóla. Efnið samanstendur af nemendabók og tveimur verkefnabókum A og B. Hljóðbók, hlustunaræfingar, skapandi verkefni, rafrænar flettibækur og lausnir verkefna eru á vefsíðu Menntamálastofnunar.

Í *Tak* er fjölbreytt textaval. Textarnir eru mismunandi að lengd og þyngd. Haft var að leiðarljósi að nemendur þjálfist bæði í mismunandi lestraraðferðum og að þeir þjálfist í að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi.

Í verkefnabókunum eru fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á að koma til móts við nemendur með mismunandi getu og áhuga.

Talmál

Í námsefninu er sums staðar skrifað talmál þar sem höfundar telja mikilvægt að nemendur átti sig á muninum á tal- og ritmáli. Þar er m.a. átt við algeng orð eins og *lí' = lide* og *ha' = have*, *værsgo' = værsågod*. Þá er talmál þjálfað í æfingum sem kallast *Tak* og í samtalsæfingunum í nemenda- og verkefnabókunum.

Víða í kennsluleiðbeiningunum er hvatt til umræðu um myndir, texta og annað tengt efninu. Mikilvægt er að kennarar tali eins mikla dönsku og hægt er og hvetji nemendur til að tala dönsku á sínum forsendum.

Ritháttur

Oftast hafa höfundar valið að skrifa selvom í einu orði. Báðir rithættir eru réttir samkvæmt www.sproget.dk.

Í efninu koma einnig fyrir nokkur fleiri orð sem hafa tvenns konar rithátt. Til dæmis *grønsager/ grøntsager*, *teenageværelse/teenage værelse*.

Nemendabók

Nemendabókin skiptist í sjö þemu. Hvert þema samanstendur af mismunandi textum, bæði að lengd og þyngd. Með hverjum texta eru nokkrar orðskýringar á íslensku, sem standa neðst á hverri síðu. Orðin sem eru útskýrð eru feitiletruð í textanum.

Lestur eykur orðaforða og tilfinningu fyrir tungumálinu og því er mikilvægt að nemendur lesi sem mest á erlenda málinu og þjálfist í að beita mismunandi lestraraðferðum.

Mikil áhersla er lögð á að *myndefnið* í nemendabókinni en það tengist innihaldi textanna. Kennarar geta notað myndirnar sem kveikju að textum, til umræðu á dönsku og sem grunn að ýmiss konar ítarverkefnum. Teikningunum er einnig ætlað að hjálpa nemendum að átta sig á innihaldi textanna án þess að skilja hvert orð og vekja áhuga þeirra og forvitni.



Ritunarverkefni fylgja mörgum textum í nemendabókinni. Verkefnin eru fjölbreytt og tengjast orðaforðanum í þemunum. Mikilvægt er að tengja ritun orðaforða sem unnið er með í öðrum færniþáttum. Ritunarverkefnin stuðla að skapandi notkun tungumálsins og festa orðaforða í sessi.

Málfræði er samkvæmt *Aðalnámskrá* ekki markmið í sjálfu sér á þessu stigi námsins, heldur er hún hluti af stóra samhengi tungumálsins. *Málvitund nemenda eykst með markvissri notkun málsins og fjölbreyttum viðfangsefnum.*



Munnleg verkefni eru í hverju þema. Lögð er áhersla á bæði samskipti og frásögn. Verkefnin eru fjölbreytt t.d. leikir, samtalsæfingar, frásagnir og spil. Unnið er með grunnorðaförða úr þemunum, þar sem nemendur þurfa að tala saman á dönsku til þess að leysa verkefnin.

Tungumál og menning eru samofin. Í námsefninu er víða veitt innsýn í danska menningu í textum, myndefni og verkefnum. Komið er inn á margt af því sem er í nærumhverfi danskra unglinga og lífnaðarháttum ungs fólks í Danmörku gerð nokkur skil.

Verkefnabækur

Verkefnabækurnar eru tvær, opgavebog A og B. Í opgavebog A eru æfingar úr fyrstu fjórum köflum nemendabókarinnar og í opgavebog B eru verkefni úr seinustu þremur köflunum.

Í verkefnabókunum er verkefnum skipt í þrjá hluta:

Før du læser

Gert er ráð fyrir að nemendur vinni þessi verkefni áður en þeir lesa textann. Markmiðið er að vinna með fyrri þekkingu, reynslu og orðaförða nemenda sem nýtist þeim við lesturinn auk þess að vekja áhuga og eftirvæntingu fyrir innihaldi textans. Einnig er mikilvægt að skoða myndir og fyrirsagnir áður en textinn er lesinn til að auka skilning og vekja áhuga og eftirvæntingu.

Mens du læser

Hér er að finna lesskilnings- og orðaförðaverkefni sem tengjast orðaförða og innihaldi textans. Í lesskilningsverkefnunum er tekið mið af mismunandi lestraraðferðum.

Með fjölbreyttum orðaförðaverkefnum er nemendum ætlað að festa í minni lykilorð úr textunum.

Efter læsningen

Í þessum verkefnum fá nemendur tækifæri til að vinna á skapandi og frjálsan hátt með orðaförða textans. Einnig eru nemendur hvattir til að skapa sinn eigin texta og nota hugmyndarflugið til að vinna með orðforðann á eigin forsendum í nýju samhengi bæði munnlega og skriflega.

Hvert þema byrjar á verkefni sem kallast *Tak*. Þar er unnið með orðið tak á mismunandi hátt, bæði munnlega og skriflega.

Í hverju þema eru æfingar með spurnarorðum. Tekin eru fyrir þrjú spurnarorð í hverju þema í verkefnabók A til þess að þjálfar nemendur markvisst í notkun þeirra. Í verkefnabók B eru spurnarorðin fleiri í hverju þema. Einnig er unnið lítillega með aðra þætti málfræðinnar

Ritunarverkefni eru mörg og fjölbreytt í verkefnabókunum. Þau eiga að gefa nemendum tækifæri til að vinna á skapandi hátt með tungumálið í nýju samhengi. Ritunarverkefnin eru alls staðar tengd grunnorðaförða kaflanna.

Hlustunaræfingar eru margs konar. Þar má finna frásagnir, lýsingar á myndum og samtöl. Verkefni með hlustunaræfingum eru misjöfn að þyngd og lengd en tengjast orðaforða sem fram kemur í þemunum hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur heyri talað mál frá upphafi dönskunámsins og átti sig á hvernig það er notað við raunverulega aðstæður. Hlustunaræfingarnar byggja á orðaforða þemans. Því eru kennarar hvattir til að vinna með þær samhliða öðrum verkefnum í þemanu.



Munnleg verkefni eru í hverju þema og byggjast á samtölum og frásögnum. Verkefni eru fjölbreytt en tengjast orðaforða sem unnið er með í þemanu. Dæmi um verkefni eru leikir, samtalsæfingar og spil.



Með hverju þema fylgja 2-3 **skapandi verkefni** til útprentunar. Þau eru merkt með tákni og nefnast *Fyr lös*, sem hægt er að þýða sem „láttu vaða“ og vísar í ósk höfunda um að nemendur þori að æfa sig í dönsku á skapandi og fjölbreyttan hátt. Í *fyr lös* verkefnunum er megin áhersla lögð á munnlega færni.

Verkefni í bókunum eru fjölbreytt og með þeim má gefa nemendum tækifæri til þess að velja verkefni eftir getu hvers og eins. Hvort nemendur vinna öll verkefni eða hluta þeirra hlýtur þó alltaf að vera í samráði við kennara.

OPGAVEBOG A



1 Hjemmet

Í þemanu er fjallað um:

Húsnæði samkvæmt mannréttindasáttmálanum, mismunandi húsnæði, húsbúnað og heimilisstörf. Í lok þemans er stutt smásaga.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt heimili og heimilisstörfum.
- náð valdi á grunnorðaforða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaforða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.
- áttað sig á mismunandi húsagerðum í Danmörku og á Íslandi.

Hugmyndir að kveikju:

Æskilegt er að umræður fari fram á einföldu dönsku máli.
Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.

- Ræða hvaða lágmarkskröfur við gerum til húsnæðis.
- Birta myndir af mismunandi húsum og ræða um þau.
- Sýna mynd af dæmigerðum dönskum húsum. Hvernig er þau ólík húsum á Íslandi? (Það má finna myndir af húsum með því að slá inn leitarorðin: *billeder/danske huse*.)
- Hvað gerir fólk inni á heimili? – Orðablóm og umræður.

Hér á eftir er fjallað um þær blaðsíður sem höfundar telja mikilvægt að útskýra nánar.

Tak, tak, tak TAK TAK

Opgavebog A, side 3.

- B.** Aðeins er smá merkingamunur á orðunum: *mange tak, tak, tusind tak og tak skal du ha'.* Sjálfsagt er þó að hvetja nemendur til að nota öll orðin í verkefninu.

Gott að benda nemendum á styttingar sem eru einkennandi fyrir talmál.

Hér: *værsgo' – værsågod og ha' – at have.*

Boligen

Læsebogen side 4. Opgavebog A side 4-5.

Læsebogen side 4

Ræðið hvað stendur í Mannréttindasáttmálanum og hvaða kröfur fólk gerir til húsnæðis. Einnig má fá nemendur til að velta myndinni fyrir sér.

Opgavebogen side 4

- A.** Ekki er víst að allir séu sammála um orðin sem tengjast húsnæði. Ef til vill geta nemendur rökstutt svörin. *Jeg synes at ... har med bolig at gøre fordi ...*

- D.** Nemendur geta valið að skrifa um annað húsnæði en sitt eigið.

Hvordan bor du?

Læsebogen side 5-7. Opgavebog A side 5-8.

Kveikja: Ræða um myndirnar af húsunum. Hvaða hús er/eru varla frá Íslandi og hvers vegna?

Gott að ræða um hæðirnar sem eru öðruvísi en á íslensku: *stuen, første sal, anden sal, tredje sal.*

Opgavebogen side 5

- A.** Nokkur orðanna sem á að skrifa eru með annað kyn en á íslensku. Gott er að benda nemendum á þau orð: *en cykel – en seng – et klædeskab – et vindue*

Opgavebogen side 7

Lytteøvelse 1

Gott er að hvetja nemendur til að lesa orðin í verkefninu yfir áður en þeir hlusta á frásögnina. Mælt er með að gera smá hlé á millil lesara svo nemendur fái tækifæri til að merkja við orðin sem Sofie nefnir áður en þeir hlusta á Jonas.

Hvor bor du? Et spil

Læsebogen side 7.

Nemendur nota t.d. mynt til að kasta eða eitthvað sem hefur tvær mismunandi hliðar. Áður en spilið hefst þurfa nemendur og kennari að koma sér saman um hversu margar setningar þeir eigi að segja um hverja mynd.

En ejendom

Læsebogen side 8-9. Opgavebog A side 9-12.

Læsebogen side 8-9

Hægt er að vinna á fjölbreyttan hátt með myndina af húsinu. T.d.

En gætteleg: Nemendur vinna í pörum eða litlum hópum. Þeir skiptast á að spyrja og svara. A segir: *Jeg kan se et grønt skab på væggen.* B: *Det er på billedet nr. 5 / eða Det er på et værelse.*

Nemendur skrifa stuttar lýsingar á herbergjunum.

Nemendur skrifa stuttar sögur/frásagnir um það sem er að gerast í herbergjunum.

Athugið að það er lyfta í húsinu. Lyftan fer ekki niður í kjallara.

Opgavebogen side 10

B. Númerin fyrir framan orðin í verkefninu segja til um í hvaða texta þau er að finna.

Orðið *íbúar* er að finna í texta 1, orðið *geyma* í texta 2 o.s.frv.

Opgavebogen side 11

Lytteøvelse 2

Nemendur heyra staðreyndir um myndina. Þeir eiga að merkja við hvort þær séu réttar (ja), rangar (nej) eða hvort þeir geti ekki vitað það út frá myndinni (ved ikke).

Athugið að númerin í hlustuninni eiga *ekki* við textann í lesbókinni. Nemendur finna ekki endilega svarið við spurningu 1 á mynd 1.

Opgavebogen side 12

F. Nemendur geta unnið samtalsæfingu út frá myndinni. T.d. Gætteleg.

Nemandi A lýsir leið um húsið og nemandi B finnur út hvar A er staddur.

Hvad ville du tage med, hvis dit hjem brændte?

Læsebogen side 10. Opgavebog A side 13-15.

Kveikja: Myndirnar gefa tækifæri til að rifja upp eða leggja inn orðaforða sem tengist myndunum og textanum, t.d. um útlit, föt og hluti.

Engin orð í textanum tengjast slökkviliði eða slökkvistarfi. Mörg slökkviliðsorð koma fyrir í hlustun 3 þannig að gott getur verið að kynna þau í tengslum við textann. Ef til vill geta nemendur og kennarar gert orðablóm þar sem þeim orðum er bætt við. T.d. *brandmand*,

brandbil, brand, brandvæsen, rög, at brænde, ild, ildebrand, at gå ild i, at slukke ild, at redde, politiet.

Opgavebogen side 14

Lytteøvelse 3

Gott er að vera búinn að rifja upp orð sem tengjast bruna og slökkviliði áður en nemendur hlusta.

Opgavebogen side 15

F. Minna nemendur á að *vandret* = lárétt, *lodret* = lóðrétt

Rasmus og Natasja

Læsebogen side 11. Opgavebog A side 15-17.

Læsebogen side 11

Myndasögur höfða oft vel til nemenda. Hér má t.d. fá nemendur til að segja einfaldar setningar á dönsku um myndirnar. T.d. má hugsa sér að hver nemandi segi eina einfalda setningu og engir tveir mega segja það sama.

Opgavebogen side 15

B. Athugið að það vantar óvart óákv. greini fyrir fram dør (en dør).

Opgavebogen side 16

E. Gott að hvetja nemendur til að skrifa sínar eigin setningar en ekki endurskrifa setningarnar úr textanum.

Opgavebogen side 17

F. Samkvæmt lausnum er hvert orð notað einu sinni.

Pligter i hjemmet

Læsebogen side 12. Opgavebog A side 18-20.

Opgavebogen side 19

D. Orðin í slöngunni eru í réttri röð miðað við æfinguna. Á milli orðanna eru stakir stafir.

Opgavebogen side 20

Lytteøvelse 4

Mælt er með að gert verði hlé í upplestrinum eftir Aksel. Þannig fá nemendur tækifæri til að merkja við svörin áður en þeir hlusta á Julie.

Opgavebogen side 20

E. Hér vantar inn í fyrirmæli. Þau eiga að vera: *Find ordet. Læs hver sætning og skriv bogstavet som findes i begge ordene.* Nemendur eiga að finna bókstafinn sem kemur fyrir í báðum orðum. T.d. kemur S fyrir í **s**jóv og synes og þá á að skrifa s sem fyrsta staf í: Ordet er: s _ _ _ _ _

- F.** Verkefnið gefur tækifæri til að rifja upp danska stafrófið. Í [Smart](#) bókinni eru nokkrar æfingar með stafrófi sem hægt er að vinna með eins og t.d. hlustunaræfingar.
- G.** Ryksugan er ekki persóna. Vel mætti hugsa sér að strákurinn hafi ryksugað upp gæludýr eða meindýr. Þá er það dýrið sem talar en ekki ryksugan.

Draculas hjem

Læsebogen side 13.

Gert er ráð fyrir að hver nemandi lesi söguna fyrir sig eða tveir saman og teikni myndina. Teikningin sýnir skilning nemandans á textanum. Mælt er gegn því að nemendur þýði söguna áður en þeir byrja að teikna. Betra er að nemendur giski á merkingu orða og/eða beri sig saman.

I sommerhus

Læsebogen side 14 og 15. Opgavebog A side 21-23.

Læsebogen side 14 og 15


Smásagan er draugasaga. Mælt er með að nemendur lesi söguna með yfirlitslestri þannig að þeir skilji aðalatriðin.

Opgavebogen side 21-22

C. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lesið söguna með yfirlitslestri.

Opgavebogen side 23

E. Nemendur fá tækifæri til að nota hugmyndaflugið í þessari myndasögu. Ef til vill geta þeir sýnt hver öðrum sína útgáfu og jafnvel leikið hver fyrir annan.



2 Familien

Þemað fjallar um mismunandi fjölskylduform. Enn þá er kjarnafjölskyldan í meirihluta en til eru 37 mismunandi gerðir af barnafjölskyldum í Danmörku. Sjá má fleiri upplýsingar hjá Danmarks statistik : <https://faktalink.dk/titelliste/familien-under-forandring>

Í lok kaflans er stutt frásögn um Özlem, sem er kona af tyrkneskum uppruna, og býr í Danmörku.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt fjölskyldunni.
- náð valdi á grunnorðaforða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaforða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.
- áttað sig á mismunandi fjölskyldugerðum í Danmörku og á Íslandi.

Hugmyndir að kveikju:

Æskilegt er að umræður fari fram á einföldu dönsku máli.

Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.

- Ræða ýmis fjölskylduform.
- Birta myndir af mismunandi fjölskyldum.
- Láta nemendur giska á hve mörg fjölskylduform eru í Danmörku og jafnvel sýna upplýsingar frá Danmarks statistik.
- Velta fyrir sér hvort fjölskylduformin séu svipuð á Íslandi og í Danmörku (annars staðar í heiminum).
- Velta fyrir sér hvaða fjölskylduform verða í framtíðinni.
- Orðablóm/hugstormur er tengist fjölskyldum.

Tak skal du ha'

TAK SKAL DU HA'

Opgavebog A, side 24

Ef til vill geta nemendur, tveir og tveir saman, búið til ítarlegri samtöl í kringum myndirnar og leikið þau hver fyrir annan.

Familier er forskellige

Læsebogen side 16. Opgavebogen side 25-26

Læsebogen side 16

Hugsanlega má nota myndirnar í kringum textann sem kveikju að umræðum um mismunandi fjölskyldur. Engar tvær myndir eru eins.

Opgavebogen side 25

- A.** Lausnir geta verið mismunandi við verkefnið enda eru nemendur e.t.v. ekki sammála um hvaða orð þeir tengja fjölskyldum. Ath. að orðið tante og onkel hafa ekki komið fyrir áður.
- C.** Nemendur hafa e.t.v. gaman af að búa til samskonar verkefni hver fyrir annan.

Dine mine og vores børn

Læsebogen side 16. Opgavebogen side 27-29.

Læsebogen side 16

Pap og *bonus* eru orð sem notuð eru fyrir stjúp tengsl t.d. *papmor*, *bonusfar*. Orðið *pap* virðist þó vera á undanhaldi. Á myndinni táknar pappastrákurinn stjúpbóður.

Opgavebogen side 28

- D.** mörg samsett orð koma til greina.

Opgavebogen side 29

- F.** Orð númer 8, lus, hefur ekki komið fyrir áður en auðvelt er að giska á það.

Lytteøvelse 6

Mælt er með að nemendur lesi setningarnar sem merkja á við áður en þeir byrja að hlusta. Annars getur verið erfitt að fylgjast með. Hugsanlega þurfa nemendur að hlusta tvisvar til þrisvar til að ná öllum svörum.

Noget om en mærkelig familie

Læsebogen side 17. Opgavebogen side 30-31.

Læsebogen side 17

Gott getur verið að skoða/ræða um myndina áður en rímið er lesið.

Ekki er ástæða til að nemendur skilji hvert orð í ríminu, enda eru mörg þeirra ekki notuð í daglegu máli. En gaman getur verið fyrir nemendur að lesa rímið í kór með tilþrífum.

Finna má mörg „rim og remser“ á vefsíðunni: <https://www.duda.dk/eventyr/eventyr.html>.

Opgavebogen side 31

- D.** 6. Í fljótu bragði má ætla að værste og kæreste rími ekki. En hér er gengið út frá framburðinum: *værste* – *kær(e)ste*.
- D.** 8. Oftast hafa höfundar valið að skrifa *selvom* í einu orði en þó ekki hér. Báðir rithættir eru réttir samkvæmt sproget.dk.
- E.** Myndirnar í nemendabók og verkefnabók eru ekki eins. Búið er að bæta við 5 atriðum í verkefnabókinni. Annar nemandi á að einbeita sér að mynd í nemendabók og hinn í verkefnabók.

Min familie

Læsebogen side 17. Opgavebogen side 32-35.

Opgavebogen side 33

- D.** Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skrifi aldurinn (tölurnar) í bókstöfum enda línurnar of stuttar til þess.

Opgavebogen side 34

- E.** Nemendur geta varla svarað lið 1 fyrr en þeir eru búnir að lesa teiknimyndasöguna.

Regnebudefamilier

Læsebogen side 18. Opgavebogen side 35-36.

Læsebogen side 18

Hér gæti verið ástæða til að rifja upp hvenær notað er *den* og hvenær *han/hun*.

Den kemur fyrir í öllum textunum um fjölskylduna.

Opgavebogen side 36

- D.** Hvatt er til að rifja upp tölur og starfsheiti áður en nemendur vinna þessa munnlegu æfingu.

Kender du ordet curlingbørn?

Læsebogen side 18. Opgavebogen side 37-38.

Læsebogen side 18

Umræður um orðið *curlingbørn* geta skapast á meðal nemenda og hvaða orð notað er á íslensku.

Mikið efni finnst á netinu um of vernduð börn, bæði textar og myndir.

Opgavebogen side 37

- A.** Nemendur geta fundið svörin við spurningunum á netinu.

Opgavebogen side 38

Lytteøvelse 8

Hvatt er til að nemendur skoði myndina vandlega áður en upplestur hefst og kennari getur jafnvel rætt um hana á dönsku til að nemendur átti sig betur á því sem sagt er.

- D.** Nemendur þurfa ekki endilega að nota orðin í kassanum. Sumum gæti jafnvel þótt það erfiðara.

Bedsteforældre

Læsebogen side 19. Opgavebogen side 39-40.

Læsebogen side 19

Gott getur verið að rifja upp fjölskylduorðin áður en unnið er með textann: *farmor, farfar, mormor, morfar, bestemor, bestefar, oldemor, oldefar*.

Opgavebogen side 40

- E.** Nemendur þurfa að nota textann við lausn verkefnisins þar sem orðin tengjast innhaldi hans.
- F.** Vera má að verkefnið vefjist fyrir nemendum. Nemendur geta þá fundið lausnirnar í samvinnu; pörum eða hópum. Þá má hugsa sér að í lokin leiki nemendur myndasöguna í pörum fyrir litla hópa eða önnur pör.

Brevkassen

Læsebogen side 20. Opgavebogen side 41-42.

Læsebogen side 20

Mynd 3 tengist ritunarverkefninu *Skriv et brev*.

Opgavebogen side 42

- F.** Á myndinni er refafjölskyldan að ræða vandamál innan fjölskyldunnar. Stelpan ætlar sér að gefa þeim ráð. Talblöðurnar eru frekar litlar því mætti hugsa sér að nemendur skrifi á blað eða í stílabók. Nemendur geta skrifað saman í hóp og leikið samtalið.

Snak sammen

Læsebogen side 21.

Verkefnið er spil. Það er enginn formlegur endir á spilinu. Áður en nemendur byrja á æfingunni, getur því verið gott að setja tímamörk eða að koma sér saman um hve oft á að spyrja og svara.

Storm bor to steder

Læsebogen side 22. Opgavebog A side 43-44.

Opgavebogen side 43

A. Hvetja má nemendur til að skrifa óákv. greini fyrir framan nafnorðin.

Opgavebogen side 44

Fyrir lös 5. Æfingin er verkefni úr textanum um *Storm bor to steder*.

Esther har en stor familie

Læsebogen side 22. Opgavebog A side 44-45.

Opgavebogen side 45

Lytteøvelse 9

Æskilegt er að nemendur einbeiti sér að annarri spurningunni í einu og hlusti tvisvar á textann.

Kædeleg

Læsebogen side 23

Ef bekkir/hópar eru stórir geta nemendur átt erfitt með að muna öll orðin sem búin eru að koma fram. Mælt er með að skipta bekk/hóp í t.d. 10 manna hópa.

Skriv om et ord

Læsebogen side 23.

Fyrirmælin eru löng og því er mælt með að kennarar lesi þau með nemendum í byrjun.

På caféen

Læsebogen side 24. Opgavebog A side 46.

Nemendur geta búið til stuttan leikpátt út frá myndunum og sýnt fyrir bekkinn/hóp eða tekið upp á snjalltæki og sýnt öðrum.

Özlems historie

Læsebogen side 25. Opgavebog A side 47-49.

Læsebogen side 25

Ýmislegt hefur verið skrifað um Özlem og margar upplýsingar má finna um hana á netinu.

Opgavebogen side 47-49

Hugmynd að ritunarverkefni: *Hurtigskrivning*.

Nemendur fá fimm mínútur til þess að skrifa stuttan texta um t.d. heimili sitt, fjölskylduna, Özlem eða annað sem unnið hefur verið með og nemendur hafa orðaforða um. Markmiðið er að þjálfra og kalla fram grunnorðaforðann í þemanu.

3 Fritid og interesser

Í þemanu er fjallað um frítíma og áhugamál. Einnig hvað fjölskyldur geta gert saman í frítíma sínum. Þá er fjallað lítillega um sögu Ólympíuleikanna og um nokkrar óhefðbundnar íþróttagreinar.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt íþróttum og áhugamálum.
- náð valdi á grunnorðaförða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaförða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.

Hugmyndir að kveikju:

- Æskilegt er að umræðurnar fari fram á einföldu dönsku máli. Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.
- Gera könnun á áhugamálum nemenda.
- Gera könnun á íþróttaiðkun/hreyfingu nemenda.
- Skoða íþróttaviðburði sem eru á döfinni.
- Vinna verkefni um danskar íþróttir og/eða íþróttamenn.
- Vinna verkefni um fræga danska söngvara, leikara eða listamenn.
- Vinna verkefni um Dani sem eru frægir á samfélagsmiðlum.

Tak TAK

Opgavebog A, side 50

Nemendur geta gert ítarlegri samtöl út frá myndunum og jafnvel leikið hver fyrir annan.

En sjov fridag

Læsebogen side 26. Opgavebog A side 51.

Læsebogen side 26

Flestar setningarnar byrja á sögnum í boðhætti. Æskilegt er að kynna fyrir nemendum myndun boðhátta.

Nemendur geta komið með fleiri hugmyndir að skemmilegum frídegi.

Opgavebogen side 51

C. Í textanum eru mun fleiri sagnir sem mætti vinna með.

Ting man kan lave sammen med familien

Læsebogen side 26-27. Opgavebog A side 52-54.

Læsebogen side 26-27

Hægt er að vinna með myndir og fyrirsagnir: Myndin verði þá rædd út frá fyrirsögninni og upplýsingum bætt við. Þannig eru nemendur komnir með orðaforða til að geta unnið ritunarverkefnið sem er neðst á bls. 27.

T.d. **Mynd 1 - Spis sammen:** *Hvor er familien? Hvem er i familien? Hvad spiser familien? Spiser de aftensmad eller morgenmad?*

Opgavebog side 53

B. Gott er að rifja upp spurnarorðin sem komið hafa fyrir áður.

Opgavebog side 54

D. Þegar nemendur hafa skrifað texta inn í talblöðrur mætti ef til vill skrifa stutta frásögn um myndasöguna.

Keder du dig?

Læsebogen side 28. Opgavebog A side 55-57.

Opgavebogen side 55

B. Nemendur eru e.t.v. ekki sammála um hvort teppi sé á myndinni með Karen. Það sést ekki greinilega hvort þarna er teppi eða ekki. Nemendur ráða.

C. Flest þessi orðasambönd er mikilvægt að kunna til að geta tjáð sig. Mikilvægt er að fá nemendur til að nota þau eins oft og hægt er svo þau verði þeim töm.

D. Hér væri gott að kennari skrifaði dæmi á töflu. T.d.

- a. Hvað keder dig? Det keder mig at rydde op.
- b. Hvað synes du om fodbold. Jeg synes fodbold er sjov.
- c. Hvornår kommer du i godt humør. Jeg kommer i godt humør når jeg spiller computerspil. Hvad har du lyst til? Jeg har lyst til at se en film.

Opgavebogen side 56

Lytteøvelse 12

Þar sem setningarnar eru á íslensku er nauðsynlegt að nemendur lesi þær yfir áður en hlustun hefst svo auðveldara verði að átta sig á hvar á að skrifa númer. Mælt er með að gera hlé á milli setninga svo nemendur fái tækifæri til að finna setningarnar.

Opgavebogen side 57

G. Gert er ráð fyrir að nemendur styðjist við myndirnar til að ljúka við samtölin.

Hvilken sport dyrker du?

Læsebogen side 28-29. Opgavebog A side 58-60.

Læsebogen side 28-29

Skriv om dig selv - Það getur verið góð hugmynd að venja nemendur við að skrifa *idémylder* – hugstorm, þegar þeir skrifa texta. Þannig finna þeir orðin fram sem þeir kunna um efnið eða fletta þeim upp áður en þeir byrja að skrifa. Þannig má rifja upp orðaforða og koma í veg fyrir skort á orðaforða við ritunina.

De Olympiske Lege

Læsebogen side 30. Opgavebog A side 61.

Læsebogen side 30

Textinn er nokkuð erfiður með mörgum nýjum orðum. Því er mikilvægt að nemendur vinni verkefni A í vinnubók áður en þeir lesa. Það ætti að einfalda skilninginn.

Sjove OL sportsgrene

Læsebogen side 30-31. Opgavebog A side 62-63.

Læsebogen side 30-31

Einhverjir nemendur gætu haft gaman af að lesa meira um óhefðbundnar íþróttagreinar sem keppt er í á Ólympíuleikum. Á netinu er að finna lýsingar á ýmsum greinum.

Leitarorð: „top 10 de mærkeligste ol discipliner“

Einnig er að finna mikið af alls konar upplýsingum um Ólympíuleikana á netinu.

Læsebogen side 31

Lav spørgsmål til teksten

Í textunum er mikið af nýjum orðum. Verkefnið getur verið hvatning til nemenda um að nota eitthvað af orðunum munnlega og skriflega og þannig hjálpa þeim að festa þau í minni.

Opgavebogen side 63

D. Galgen. Ekki er víst að allir nemendur hafi danska stafrófið á takteinum. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að nemendur vinni *Galgen* verkefnið. Kennari getur ef til vill horft fram hjá því að nemendur noti íslenska stafrófið í verkefninu.

De Olympiske Leges historie

Læsebogen side 32. Opgavebog A side 64-66.

Læsebogen side 32

Textarnir um sögu Ólympíuleikana innihalda mörg ártöl, því er mikilvægt að rifja upp tugina og framsetningu á ártölum.

Í textunum um Ólympíuleikana koma fram margar upplýsingar. Nemendur hafa eflaust gaman af að svara spurningum um þá t.d. í *Kahoot*. Hugsanlega geta nemendur sjálfir búið til sínar eigin spurningar og kennari leggur þær svo fyrir bekkinn.

Opgavebogen side 65

Lytteøvelse 15

Í hlustuninni eiga nemendur að skrifa verð á hlutunum. Æfing 1 er smá þjálfun í tölum en ef til vill þarf að æfa þær enn meira áður en hlustunin er tekin fyrir.

Tillaga: Nemendur skipta sér í hópa og búa til veggspjöld með orðum og mögulega myndum sem tengjast einni ákveðinni íþrótt eða tómstundaáhugamáli. Þeir geta leitað að orðum í nemendabókinni, á netinu, í orðabókum eða blöðum.

Gå ud

Opgavebog A side 66.

Lytteøvelse 16

Mælt er með að nemendur skoði myndina vel áður en hlustun hefst. Kennarar og nemendur geta rætt um myndina á dönsku til að vera betur búnir undir hlustunina.

En læsehest

Læsebogen side 33.

Ef til vill má byrja á að ræða við nemendur á dönsku um hvað „en læsehest“ er og hve mikið þarf að lesa til að vera lestrarhestur.

Einnig má ræða orðið *bogorm* sem hefur sömu merkingu. Bæði orðin eru notuð á íslensku.

Snestorm

Læsebogen side 34. Opgavebog A side 69.

I frit fald

Læsebogen side 35. Opgavebog A side 69-71.

Jeg er god til

Læsebogen side 35.

Æfinguna er hægt að nota um allt mögulegt annað en: jeg er god til ...

T.d. *Hvad laver du i din fritid? Hvilken sport dyrker du? Hvad læser du?*

Jeg er YouTuber

Læsebogen side 36-37. Opgavebog A side 70-71.

Margt er að gerast á myndinni. Það getur nýst nemendum við verkefnavinnuna að ræða hvað þeir sjá og jafnvel mætti taka saman orðalista.

Opgavebogen side 70

A. Ekki er víst að nemendur séu sammála um hvaða orð tengjast YouTube. Ef til vill má setja hring utan um öll orðin.

Opgavebogen side 71

C. Myndirnar í les- og verkefnabók eru ekki eins. Búið er að breyta 5 atriðum. Annar nemandinn á því að einbeita sér að myndinni í nemendabók og hinn í verkefnabók og þeir í sameiningu að finna hvað er ólíkt með myndunum.

YouTube

Læsebogen side 37. Opgavebog A side 71.



4 Mod er mange ting

Þemað fjallar um ýmislegt sem má flokka undir hugrekki. Nokkrir textar fjalla um börn og unglinga sem hafa drýgt ýmsar hetjudáðir. Þá eru nokkrir textar um flóttabörn sem hafa flúið stríð og komið til Danmerkur. Einnig er stuttur texti um nóbelsverðlaunahafann Malala Yousafzai. Í lok þemans er ævintýri og frásögn um hetjudáð.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt hetjudáðum og daglegu lífi.
- náð valdi á grunnorðaförða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaförða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.
- átti sig á muninum á hugrekki og fífldirfsku.

Hugmyndir að kveikju:

Æskilegt er að umræðurnar fari fram á einföldu dönsku máli.

Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.

- Nemendur ræða fyrirsögn þemans. Hvað er hugrekki?
- Velti fyrir sér hugrekki og fífldirfsku.
- Nemendur velti fyrir sér hvenær þeir sýndu hugrekki.
- Nemendur finna myndir af hugrökku fólki og skrifa fyrirsögn við myndirnar.
- Velti fyrir sér hetjudáðum í hversdagslífinu og átti sig á muninum á hetjudáð og fífldirfsku.
- Nemendur koma með nöfn á ofurhetjum.

Hvad er mod?

Læsebogen side 38. Opgavebog A side 73-74.

Ræða má muninn á nafnorðinu *mod* og lýsingarorðinu *modig*.

Ræða má orð Dumbledore á íslensku og velta upp merkingunni. Það auðveldar nemendur að svara verkefni E.

Opgavebogen side 73

A. Ef til vill þarf að útskýra hvað „at skrive løs“ merkir (skrifaðu á fullu það sem þér dettur í hug).

Mod i hverdagen

Læsebogen side 38. Opgavebog A side 74-75.

Textarnir gefa tilefni til umræðu sem hægt er að taka í hópum, þörum eða undir stjórn kennara. Einnig má gera könnun í bekk um hvað nemendum finnst um textana þegar þeir hafa verið lesnir. Best er að taka umræðuna á dönsku að svo miklu leyti sem það er hægt. Nemendur geta líka bætt við hetjudáðum.

Opgavebogen side 75

D. Einfaldast er að nemendur velji texta úr talblöðrunum í lesbókinni en að sjálfsögðu geta þeir notað sína eigin texta.

Heltemod

Læsebogen side 39. Opgavebog A side 76-78.

Nauðsynlegt getur verið að benda nemendum á muninn á orðunum *heltemod* og *heltedåd*.

Heltedåd: hetjudáð

Heltemod: hugrekki

Opgavebogen side 76

B. Ekki er víst að allir séu sammála um hvaða 10 orð tengjast hetjum. Það er í góðu lagi og getur skapað skemmtilegar umræður.

Opgavebogen side 77

Lytteøvelse 19

Hvetja má nemendur til að lesa setningarnar yfir áður en þeir byrja að hlusta. Þannig ná þeir betur að átta sig á um hvað frásögnin fjallar og eiga auðveldara með að merkja í réttan kassa.

Opgavebogen side 78

G. Nemendur eiga að finna 14 lýsingarorð. Ef til vill má rifja upp/kynna helstu reglur um endingar lýsingarorða (-e , - t, endingalaus) og láta nemendur skrifa setningar með lýsingarorðunum með mismunandi endingum.

En stor bil – et stort hus, mange store hunde.

Ella er en børnehelt

Læsebogen side 39. Opgavebog A side 79-80.

Hvad er den „Den Gyldne Sofus“?

Hvert år uddeler Falck i samarbejde med Børnulykkesfonden helteprisen „Den Gyldne Sofus“ til et barn der har gjort en særlig heltemodig gerning. Prisen går til et barn i alderen 3-12 år, der har gjort en forskel for mennesker eller dyr.

Hvem var Sofus egentlig?

Falck blev grundlagt i 1906 af Sophus Falck. Prisen er opkaldt efter ham og **Leitarorð falc og den gyldne sofus**

Opgavebogen side 79

A. Nemendur eiga að skoða myndina neðst á síðunni og fyrirsögnina til að svara verkefninu. Ekki lesa textann.

13-årige Jonathan er en helt

Læsebogen side 40. Opgavebog A side 80-81.

Í textanum eru mörg orð sem tengjast bruna. Á meðan lesið er geta nemendur tekið saman öll þau orð sem tengjast bruna og t.d. búið til orðablóm;

brand, bip, røg, varmt, brandalarm, brandbil, 112, ringe, brandmand

Snak sammen

Læsebogen side 41.

Spurningastjörnu má nota til hjálpar, bæði í munnlegum og skriflegum æfingum, til að nemendur geri sér betur grein fyrir um hvað texti fjallar.

Kåret til Danmarks dyrehelt

Læsebogen side 41. Opgavebog A side 82-83.

Opgavebogen side 83

- C.** Nemendur eru með mismunandi lýsingarorð og frásögnin verður því óútreiknanleg og skemmtileg. Frásögnin kemur nemendum sjálfum á óvart ef þeir vita ekki að þeir eiga að nota lýsningarorðin í lið 1 í lið 3.

Skriv om en helt

Læsebogen side 42.

Hvetja þarf nemendur að skrifa titil á fréttina. Nemendur geta ef til vill búið til frétt í tölvu eða spjaldtölvu og sett inn myndir.

Modige flygtningebørn

Læsebogen side 42-43. Opgavebog A side 83-86.

Opgavebogen side 83

- A.** Ekki er pláss í verkefnabókinni til að skrifa allan textann í kassanum svo nemendur þurfa að velja það sem þeir vilja skrifa á íslensku.

Opgavebogen side 84

- E.** Þessi æfing er aðeins til gamans og uppbrots en tengist engum texta.

Opgavebogen side 86

- J.** Ef nemendum reynist erfitt að skrifa setningar um eigið land, má benda þeim á að skrifa fyrst niður lykilorð sem þeir finna í orðabókum eða á netinu og skrifa síðan.

Modig eller dum?

Læsebogen side 44. Opgavebog A side 86-88.

Opgavebogen side 88

- G.** Nota má myndasöguna í meira en farið er fram á í verkefninu. Til dæmis má leika söguna fyrir aðra hópa, taka upp leikþátt eða skrifa samfellda frásögn.

Lytteøvelse 22

Athugið að orðin sem merkja á við eru í réttri röð miðað við frásögnina.

Skriv et haiku-digt

Læsebogen side 45.

Útskýra þarf fyrir nemendum að stavelse merkir atkvæði. Hægt er að klappa ljóðið sem er notað í dæminu til útskýringar.

Malala Yousafzai

Læsebogen side 45. Opgavebog A side 89-90.

Mikið hefur verið skrifað um Malala Yousafzai og má finna ýmislegt á netinu.

Opgavebogen side 89

A. Spurningarnar má t.d. setja í Kahoot og bæta við ýmsum upplýsingum um Malala.

Kejseren og blomsterfrøet

Læsebogen side 46-47. Opgavebog A side 90-92.

Hvatt er til að ræða um myndina áður en sagan er lesin. Þannig er hægt að koma inn á orð sem tengjast sögunni og auðveldar það bæði lestur og verkefni A.

Opgavebogen side 92

G. Orð 5 og 7 eru sagnir – gro – vande. Hin orðin eru nafnorð.

Mod til at overleve

Læsebogen side 48. Opgavebog A side 93-96.

Sagan um Juliane er sönn og má ef til vill finna upplýsingar um hana á netinu.

Opgavebogen side 95

Lytteøvelse 23

Hlustunin getur reynst nemendum erfið. Ef til vill þarf að ræða lykilorðaförða eftir fyrstu hlustun.

Opgavebogen side 96

H. Snak sammen

Verkefnið er spil. Það er enginn formlegur endir á spilinu. Áður en nemendur byrja á æfingunni, getur því verið gott að setja tímamörk eða að koma sér saman um hve oft á að spyrja og svara.

Historie-roulette

Læsebogen side 49.

Hvetja þarf nemendur til að skrifa fyrirsögn eða heiti á söguna.

Nemendur ráða hvort þeir skrifa frétt, frásögn eða myndasögu.

Opgavebogen side 93

Fyrir lós 10 er verkefni um að lifa af líkt og frásögnin.

OPGAVEBOG B



Í þemanu er fjallað um:

Táningsárin og ýmislegt sem tengist því að vera táningur fyrr og nú.

Ýmsar hefðir sem tengjast því að verða fullorðinn.

Fermingu og danskar hefðir tengdar henni.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt táningsárunum og hefðum tengdum þeim.
- náð valdi á grunnorðaforða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaforða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.
- kynnst dönskum hefðum og menningu tengdum unglingsárunum.

Hugmyndir að kveikju:

Æskilegt er að umræðurnar fari fram á einföldu dönsku máli. Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.

Ræða orðið *teenager*. Hvað er að vera unglingur? Er unglingamenning ólík eftir löndum og menningarheimum? Hvernig var að vera unglingur í „gamla daga“?

Ræða hefðir sem nemendur þekkja, sem tengjast unglingsárunum, t.d. ferminguna.

5 Fra barn til voksen

Tak – tak – tak TAK TAK TAK

Opgavebog B side 3.

A. Athugið að þúsund má skrifa á tvo vegu, *tusind* og *tusinde*.

Gott væri að ítreka við nemendur að orðið *at* er stytting á *at have* og er notað um talmál.

B. Hér mætti ræða aðeins um hinn danska sið að senda þakkarkort og hvort nemendur þekki slíka siði af eigin reynslu. Það gæti verið áhugavert að heyra hvað nemendum þykir um svona siði, hvort og hvenær þeim finnst viðeigandi að senda þakkarkort.

Hægt er að skrifa m.a. boðskort og þakkarkort á netinu. Nemendur geta sent hver öðrum kort. Hægt er að finna slóðir á netinu t.d. með því að setja inn leitarorðin gratis *takkekort*.

Teenager

Læsebogen side 50. Opgavebog B side 4.

Opgavebogen side 4

A. Nemendur fá svör við flestum spurningunum þegar þeir hafa lesið textann.

D. Hér mætti vel hugsa sér að nemendur gætu breytt eða bætt við spurningum. T.d. gætu þeir skrifað hvaðan þeir eru að koma og hvert þeir eru að fara.

Seje teenagere

Læsebogen side 50. Opgavebog B side 5-6.

Orðið *sej* gefur tilefni til umræðu. Orðið er mjög ólíkt íslensku og er ekki gagnsætt. Dæmi um samheiti: *smart, cool*.

Opgavebogen side 5

A. Hér væri gott að rifja upp málfræði tengda nafnorðum. Nemendur gætu mögulega valið sér orð úr verkefninu (eða önnur nafnorð úr textanum) og skrifað setningar með þeim. Einnig er hægt að búa til fleiri svipuð verkefni með mikilvægum nafnorðum.

Bendið nemendum á hvenær endasamhljóði tvöfaldast. Þumalfingurreglan er að þegar okkur heyrir orð enda á tvöföldum samhljóða (sem er mjög sjaldgæft í dönsku) þá tvöfaldast endasamhljóðinn þegar ending, sem hefst á sérhljóða, bætist við t.d. *en butik – mange butikker, en søn – sønner*

Til að auðvelda nemendum að átta sig á hvernig orð í fleirtölu eru skrifuð og hvernig orð í fleirtölu með greini eru skrifuð, má benda á að hægt er að setja orðin *mange* og *alle* fyrir framan orðin t.d. *mange dage* (ft.), *alle dagene* (ft. með gr.)

- B.** Sumir nemendur gætu haft gagn af því að rifja upp hugtökin óákveðinn og ákveðinn greinir nafnorða á íslensku.

Opgavebogen side 6

- E.** Mælt er með að nemendur og kennari ræði um myndirnar á dönsku, áður en nemendur byrja að skrifa. Þetta er æskilegt að gera til þess að rifja upp orðaforða sem tengist myndunum. Þá geta nemendur skrifað hjá sér orð til að nota í rituninni.

Hér mætti vinna meira með myndirnar t.d. að skrifa inn í hugsanablöðrur, ræða á dönsku um hvað fólkið er að lesa, hlusta á, gera og lýsa persónunum s.s. hvað heita þau, hversu gömul eru þau og búa til samtöl.

Unge i dag

Læsebogen side 50. Opgavebog B side 7-8.

Benda má nemendum á að textinn er mjög gamall.

Opgavebogen side 7

- A.** Nemendur gætu verið ósammála um lið 2, enda hægt að merkja við fleiri en eitt rétt svar.
- B.** Hér er hægt að skoða orðasambönd t.d. *have respekt for, rejse sig for, råde op, se ned på, lægge ben/hænder/fingre over kors*.
- C.** Hér getur verið gott að kynna orðasambandið „*de unge opfører sig ordentligt*“ eða „*de unge opfører sig ikke ordentligt*“ sem virðist vera viðhorf greinarhöfundar.

Opgavebogen side 8

Lytteøvelse 24

Til að auðvelda nemendum að átta sig á innihaldi hlustunarinnar er mælt með að nemendur og kennari fari saman yfir spurningarnar í verkefninu.

Kære far og mor

Læsebogen side 51. Opgavebog B side 9-11.

Það getur verið skemmtilegt að lesa bréfið fyrst og ræða það (á íslensku) og síðan að lesa eftirskriftina (PS).

Ræða má um hvort fordómar birtast í bréfi Peters. Hvað er það sem hann telur foreldra sína hræðast? Hvað finnst nemendum sjálfum um það?

Opgavebogen side 9

- B.** Hér eru fleiri valmöguleikar (rétt svör) með hverri mynd.

Opgavebogen side 10

- D.** Verkefnalýsing er neðst á bls. 51 í lesbókinni. Það mætti vel hugsa sér að vinna meira með myndina, t.d. lýsa henni munnlega eða skriflega. Það væri líka hægt að skapa umræður um hvað nemendur sjálfir myndu gera í sömu aðstæðum og Peter.

Opgavebogen side 11

- G.** Nemendur geta bæði lýst hjólhýsinu að innan og utan.

Ikke barn og ikke voksen

Læsebogen side 52. Opgavebog B side 12.

Opgavebogen side 12

- A.** Hér er hægt að vinna meira með myndina. Hægt er að láta nemendur enda setningar munnlega t.d. *Pigen ligger ... Faren har en ... Pigen læser ... Faren er ... Billedet viser ... Puden er ... Farens trøje er ...* Það mætti vel hugsa sér að einn til þrír nemendur svari sömu spurningunni t.d. *Pigen ligger i sofaen. Pigen ligger i en lilla sofa. Pigen ligger på en stor pude.*

Hér væri líka hægt að rifja upp námsgreinar með því að spyrja nemendur hvaða próf þeir tóku síðast, hvaða próf þeim finnst skemmtilegast að læra fyrir eða hvaða próf þeir eiga að taka næst. Eða taka nemendur próf?

Rasmus

Læsebogen side 52. Opgavebog B side 13-14.

Þessi texti (og einnig textinn um Maju) fjalla um barnæskuna, enda hafa margir nemendur á þessum aldri enn gaman af því sem fjallað er um í textunum.

Opgavebogen side 14

- D.** Hér er hægt að vera með fleiri en eitt rétt svar t.d. *LEGOhus og LEGOklodser. Børnehave, børnetøj og børnefilm ...*

Maja

Læsebogen side 53. Opgavebog B side 15-16.

Orðið *teenageværelse/teenage værelse* er bæði til í einu og tveimur orðum.

Opgavebogen side 15

- A.** Æskilegt er að nemendur vinni áfram með sagnirnar í verkefninu. T.d. með því að skrifa eða segja setningar með hverri sögn í nútíð og þátíð.

Opgavebogen side 16

- G.** Ef til vill hafa nemendur gaman af að búa til svona verkefni og leggja hver fyrir annan.

Tag det roligt

Læsebogen side 53. Opgavebog B side 17.

Opgavebogen side 17

A. Hér mætti vinna meira með myndina í bókinni, annað hvort skriflega eða munnlega.

Karinas konfirmation

Læsebogen side 54. Opgavebog B side 17-19.

Hér má hugsanlega ræða mismunandi hefðir tengdar fermingu í Danmörku og á Íslandi.

Opgavebogen side 17

A. Í þessu verkefni geta verið mismunandi lausnir. Einnig geta nemendur bætt við öðrum orðum sem þeim finnst vanta í upptalninguna.

Opgavebogen side 19

E. Hér mætti hugsa sér að ræða um fleiri vandræðalegar upptakomur sem geta átt sér stað við fermingu.

F. Mælt er með að nemendur haldi sig við 1. persónufrásögn.

Williams nonfirmation

Læsebogen side 54. Opgavebog B side 19-21.

Mælt er með að orðið *nonfirmation* sé útskýrt fyrir nemendum. Orðið hefur verið búið til úr orðinu *konfirmation* þar sem non hefur verið sett í stað kon til að benda á að ekki sé um fermingu að ræða. *Nonfirmation* er ekki borgaraleg ferming eins og tíðkast á Íslandi, heldur er eingöngu haldin veisla.

Opgavebogen side 19

A. Hér væri gott að minna nemendur á að nota óákveðna greininn (en og et) með orðum í eintölu.

Opgavebogen side 20

D. Hugmynd að ritun: Skrifðu þakkarbréf. Á netinu má finna nokkrar útgáfur af slíku bréfi.

Blå mandag

Læsebogen side 55. Opgavebog B side 22-23.

Í textanum kemur skýrt fram hvað orðið *blå mandag* stendur fyrir. Hægt er að leita að myndum á netinu undir leitarorðinu *blå mandag*. Þá er hægt að nota myndirnar sem kveikju að umræðum.

Opgavebogen side 23

E. Ef nemendur hafa gaman af svona verkefnum geta þeir auðveldlega búið til fleiri og skipst á þeim.

Den perfekte dag

Læsebogen side 55-56. Opgavebog B side 24-25.

Ekki er víst að allir viti hvað *Strøget* er en þá er hægt að ræða það og jafnvel sýna myndir af því. *Strøget* er göngugata í Kaupmannahöfn en einnig í Árósum.

Benda má að *Strikið* er ekki rétt þýðing á *Strøget* heldur bara íslenskt nafn sem búið hefur verið til.

Nafnið *Strøget* er notað í fyrsta skipti af höfundinum Carl Møller árið 1888. Hann skrifar eftirfarandi í «Humoristisk Vejleder for Rejsende i Folkets København» ... *og er Gaden end ikke bred, saa er den lun, og et Strøg op og ned af hinanden giver netop den rigtige Stemning, naar man passerer Strøget.*

Læsebogen side 56

Ritunarverkefni – Skriv en sms

Hægt er að fara á netið og setja inn leitarorðin *sms besked* og skoða myndir sem birtast. Þar geta nemendur fengið mörg dæmi um mismunandi skilaboð á dönsku.

Opgavebogen side 26

F. Orðasambandið *hvilken slags* er mikið notað í dönsku og þýðir *hvers konar* á íslensku.

Benda þarf nemendum á reglurnar um mismunandi endingar á orðinu *hvilken*. Einnig má sýna nemendum dæmi um setningar með *hvilken*, *hvilket* og *hvilke* og fá nemendur til að finna reglurnar út frá dæmunum.

Nyheder

Læsebogen side 57. Opgavebog B side 26-29.

Hægt er að finna á netinu fleiri fréttir um fermingarbörn sem voru rænd á *blå mandag*.

Þær fréttir er hægt að vinna með munnlega, þar sem nemendur segja frá frétt sem þeir fundu.

Stakkels storebror

Læsebogen side 57. Opgavebog B side 29.

Verden rundt

Læsebogen side 59. Opgavebog B side 29-31.

Textarnir eru valdir með hliðsjón af því að mörgum nemendum finnst skemmtilegt að lesa um aðra menningarheima. Textarnir eru nokkuð erfiðir en glósumar neðst á blaðsíðunni geta væntanlega hjálpað.

6

Vi er alle forskellige

Í þemanu er fjallað um:

- Fjölbreytileika og daglegt líf fólks, m.a. útlit, áhugamál og föt.
- Mismunandi hefðir, hjátrú og ýmis fyrirbæri.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt fjölbreytileika og daglegu lífi ungs fólks, m.a. útliti, áhugamálum og fötum.
- náð valdi á grunnorðaförða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaförða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.
- áttað sig á að fólk er ólíkt og fjölbreytileikinn mikill í útliti, áhugamálum og hefðum.

Hugmyndir að kveikju:

Æskilegt er að umræðurnar fari fram á einföldu dönsku máli.

Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.

- Ræða um hvað gerir fólk ólíkt t.d. út frá útliti, áhugamálum, fatavali og hefðum.
- Setja myndina sem er neðst á bls. 68 í lesbók upp á skjávarpa og ræða fjölbreytileika persónanna.
- Ræða um mynd á bls. 33 í verkefnabók B t.d. út frá fjölbreytileika dýra svo sem slangna og hunda. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?

Opgavebog B side 32.

Um er að ræða talæfingu þar sem nemendur vinna saman í pörum. Annar les upp setninguna í bláa kassanum og hinn finnur rétt svar og svarar. Nemendur skiptast á að lesa og svara. Nemendur eru hvattir til að búa til nýja setningu sem passar við önnur svör.

Fire unge mennesker

Læsebogen side 60-61. Opgavebog B side 33-36.

Orðaforði í þessum kafla er mjög gagnlegur og mikilvægt að nemendur nái tökum á honum. Myndirnar í þemanu gefa rík tækifæri til að æfa orðaforða um fjölbreytileika ungs fólk t.d. útlit, föt, liti og áhugamál.

Opgavebogen side 33

- A.** Ef til vill mætti vinna meira með myndina, munnlega og/eða skriflega. T.d. lýsa persónunum, búa til samtöl eða fjalla um þær á annan hátt.
- B.** Mikilvægt er að nemendur átti sig á muninum á *li'* og *lide*. *Li'* er talmál og *lide* er ritmál. Danir nota ekki orðið *lide* í talmáli.

Opgavebogen side 36

- K.** Hægt er að finna fleiri lýsingarorð í þessum textum og öðrum og búa til sambærileg verkefni.

Lytteøvelse 30

Hugmynd að aukaverkefni:

Nemendur lýsa sjálfum sér munnlega eða skriflega. Hægt er að nota uppbyggingu textanna sem fyrirmynd. Útlit og áhugamál geta verið viðkvæmt málefni og því þarf að gæta þess að nemendur séu ekki að skipta sér af og/eða gera athugasemdir við það sem aðrir segja eða skrifa.

Nemendur geta átt erfitt með að lýsa sjálfum sér. Þá getur verið lausn að afhenda hverjum nemanda mynd af persónu og hann segir frá henni.

En kort en lang

Læsebogen side 61. Opgavebog B side 37.

Opgavebogen side 37

- A.** Nemendur mega nefna hvaða ljóðahöfund sem er, ekki eingöngu danska.
- C.** Mörgum nemendum finnst erfitt að ríma á dönsku. Gott getur verið að koma þeim á sporið með því að lesa setningarnar upphátt fyrir hópinn.

Vi er forskellige

Læsebogen side 62. Opgavebog B side 38-41.

Áður en nemendur lesa texta getur verið gott að ræða um myndirnar. Hægt er að láta hvern nemanda eða pör segja eina einfalda setningu á dönsku um myndirnar t.d. *Manden har en lilla skjorte ...* Engir tveir nemendur eiga að segja sömu setninguna.

Einnig getur verið gaman að ræða hvað nemendur halda að textarnir fjalli um.

Opgavebogen side 38

A. Nemendur geta klippt út myndir af persónum og límt inn í bókina. Einnig væri hægt að búa til veggspjöld með svipuðu sniði.

Opgavebogen side 40

Lytteøvelse 31

Mælt er með að nemendur og kennari fari yfir svarmöguleikana áður en nemendur hlusta á frásagnirnar.

Opgavebogen side 41

E. Mælt er með að myndin sé rædd og dýrunum lýst áður en nemendur vinna verkefnið.

F. Hér eiga nemendur að nota miðstig lýsingarorða og því væri gott að rifja upp stigbreytingu lýsingarorða, með áherslu á miðstig, áður en nemendur byrja á verkefninu.

Uhyggeligt udseende

Læsebogen side 63. Opgavebog B side 42-44.

Mælt er með að ræða um myndirnar í lesbók áður en textinn er lesinn. Þannig er hægt að rifja upp orðaforða sem getur nýst við lesturinn. Þar sem kaflinn nefnist „*uhyggeligt udseende*“ getur verið gott að velta upp hvers vegna sumir hræðast trúða.

Opgavebogen side 42

A. Til eru tvær útgáfur af *hyggelig/uhyggelig* í miðstigi og efstastigi, þ.e. *hyggeligere/mere hyggeligt* - *mest hyggelig(t)/hyggeligst*.

B. Nemendur geta að sjálfsögðu valið að lýsa ímyndaðri persónu (eða persónu úr kvikmynd, bók ...).

C. Nemendur geta skrifað eða sagt nokkrar setningar þar sem þeir nota orðin úr æfingunni.

Opgavebogen side 44

J. Nemendur eiga að skrifa frjálst um myndina en ekki endilega nota innihald textans í lesbók.

Hekse

Læsebogen side 64. Opgavebog B side 45-46.

Hér má hugsa sér að varpa myndinni af norninni upp á vegg og fá nemendur til að segja nokkur orð um hana og jafnvel um nornir yfirleitt. Vel getur reynst að fá hvern nemanda til að segja eina setningu, en engir tveir nemendur mega segja sömu setninguna. Þannig má fá fram fjölbreyttan orðaforða sem getur nýst nemendum við lesturinn.

Opgavebogen side 46

D. Hér má nefna að orðin *neglelak* og *tryllebog* koma ekki fyrir í textanum.

Mere om hekse

Læsebogen side 64. Opgavebog B side 47-49.

Opgavebogen side 47

A. Gott getur verið að ræða um hvað hjátrú er. Sjá B hér á eftir.

B. Ef til vill vefst fyrir nemendum að ræða um hjátrú á dönsku þar sem þá getur skort orðaforða. Algeng hjátrú er t.d. að telja að 13. dagur mánaðar sem kemur upp á föstudegi sé óhappadagur, að brjóta spegil valdi ógæfu sem og að ganga undir stiga. Einnig banka sumir í tré ef þeir hafa sagt eitthvað ógætilega og segja upphátt 7 – 9 – 13. Þessi siður er einnig þekktur annars staðar á Norðurlöndum. Í stað þess að segja 7 – 9 – 13 segja Danir stundum „sagt í en god tid“ þegar þeir banka undir borð, þá eiga þeir við að eitthvað sem ekki er öruggt sé sagt full snemma.

Ef til vill geta einhverjir nemendur sagt bekknum/hóp frá einhverri hjátrú, á dönsku.

Opgavebogen side 48-49

Lytteøvelse 32

Hlustunaræfingin getur reynst nemendum erfið. Einfalda má æfinguna með því að ræða spurningarnar á íslensku áður en hlustað er og jafnvel að nemendur giski á rétt svör.

Halloween

Læsebogen side 65. Opgavebog B side 50-53.

Áður en farið er yfir textann og myndirnar, spyrjið nemendur hvað þeim dettur í hug þegar þeir heyra orðið halloween. Hægt er að útbúa hugarkort/orðablóm.

Opgavebogen side 51

D. Nemendur eiga að geta fundið flest orðanna í textanum. Þó ekki orðin *dyrlæge* og *prinser*.

Opgavebogen side 52

E. Nemendur geta valið að skrifa stuttan samfelldan texta um myndirnar eða samtöl með talblöðrum. Einnig væri hægt að blanda saman mismunandi textagerðum.

Opgavebogen side 53

- F.** Hér er verið að æfa spurningar og svör og því er gott að rifja upp merkingu spurnarorðanna áður en nemendur byrja að spila. Einnig er mikilvægt að minna nemendur á að vera ekki með óviðeigandi spurningar.

Går du op i dit udseende

Læsebogen side 66. Opgavebog B side 54-56.

Mælt er með að ræða fyrirsögn textans áður en hann er lesinn. *Hvad kan man gå op i? Hvordan kan det siges på en anden måde?*

Opgavebogen side 56

- E.** Æfingin er nokkuð erfið og því er mikilvægt að vera búin að fara yfir verkefni D áður en nemendur vinna verkefni E.
- G.** Gert er ráð fyrir að nemendur nýti orðaforðann úr textunum í lesbók og verkefnum D og E til að skrifa um sjálfa sig.

Klædt på til fest

Læsebogen side 67. Opgavebog B side 57-58.

Unge forbrugere

Læsebogen side 68. Opgavebog B side 59-61.

Hægt er að nota stóru myndina í lesbók á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta skrifað eða talað um hana, búið til samtöl, lýst fólki, búið til sögu um einstakar persónur eða valið tvær persónur og skrifað um tengsl þeirra. Nemendur geta líka búið til stuttmynd eða klippur í kringum myndina.

Opgavebogen side 59

- B.** Lausnarsetningin tengist ekki textanum beint.

Er jeg ikke flot?

Læsebogen side 69. Opgavebog B side 62-65.

Finna má fleiri upplýsingar um allar persónurnar í textunum á netinu og jafnvel sýna myndir. Benda má nemendum t.d. á að Friðrik 9. var faðir Margrétar Danadrottningar og afi Krónprins Friðriks.

Opgavebogen side 64


- G.** Þetta verkefni tengist ekki textum í lesbókinni. Æskilegt er að ræða myndina til að rifja upp orðaforða áður en verkefnið er unnið.

Lytteøvelse 35

Hlustunaræfingin fjallar um Sidse sem er á myndinni á bls. 64 í verkefnabókinni en tengist ekki beint myndinni.

Lytteøvelse 36

Hlustunin fjallar áfram um Sidse í verkefni G, en nú er hin 13 ára Ida að segja frá upplifun sinni af Sidse og þáttunum hennar.



7

Krop og følelser

Í þemanu er fjallað um:

- líkamann og ýmis líffæri.
- tilfinningar og heilsu, bæði andlega og líkamlega.

Markmið með þemanu er að nemendur geti:

- beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestri).
- lesið sér til gagns og gamans um efni tengt líkama, tilfinningum og hollum lífsstíl.
- náð valdi á grunnorðaförða í þemanu.
- skilið þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum á dönsku út frá orðaförða í þemanu.
- skrifað stutta og einfalda texta um efnið.
- áttað sig á hvað heilsusamlegt líf er, bæði andlegt og líkamlegt.

Hugmyndir að kveikju:

Æskilegt er að umræðurnar fari fram á einföldu dönsku máli.

Gott getur verið að nota myndir til stuðnings.

- Búa til orðablóm þar sem nemendur rifja upp og auka orðaförða sinn um hollan lífsstíl. *Hvad er sundhed?*
- Finna myndir af fólki á netinu sem sýnir mismunandi tilfinningar og rifja upp orðaförða tengdan þeim.
- Rifja upp orðaförða tengdan líkamanum.

Tak, mange tak **TAK, MANGE TAK**

Opgavebog B side 66.

Nemendur geta svarað sumum spurningum á fleiri en einn hátt.

Nemendur geta notað myndirnar á margan hátt t.d. til að búa til lengri samtöl og jafnvel taka þau upp á snjalltæki.

Din krop

Læsebogen side 70-71. Opgavebog B side 67-70.

Athugið að *vidste du*, er hluti af textunum sem unnið er með í vinnubók.

Mælt er með að vinna með myndirnar þar sem þær bjóða upp á mikla möguleika, t.d. tala um myndirnar á dönsku, segja setningar á dönsku, búa til „spurningarleik“ þar sem einn nemandi segir setningu og annar segir um hvaða mynd er verið að tala.

Opgavebogen side 67

A. Ekki er gefið upp hvaða orð á að skrifa inn á myndina. Kennari og/eða nemendur geta ákveðið hversu mörg orð þeir skrifa.

B. Mælt er með að rætt sé um myndina áður en nemendur vinna verkefnið.

Opgavebogen side 70

G. Nemendur geta e.t.v. bætt hugsanablöðrum með texta inn á myndina.

Når du spiser

Når du drikker – Læsebogen side 72. Opgavebog B side 71-73.

Mælt er með að nemendur fái tækifæri til að vinna með „Tegn og fortæl“ þar sem það festir orðaforða sem tengist líkamanum í minni.

Opgavebogen side 71

C. Nemendur finna svör við spurningunum í „Vidste du, at“ textunum, það er ef þeir vilja ganga úr skugga um að þeir hafi svarað rétt.

Opgavebogen side 72

E. Þetta verkefni reynir á kunnáttu nemenda um meltingu en upplýsingarnar eru allar í textanum í lesbókinni.

F. Hér má hugsa sér að vinna með fleiri eignarfornöfn t.d. *min, mit, mine* ...

G. Þetta verkefni er nokkuð erfitt. Nemendur þurfa að reyna að skrifa réttar tölur strax, því um leið og fyrsta tala er röng fer allt úr skorðum.

Sundhed - Kontakt

Læsebogen side 73. Opgavebog B side 74-77.



Myndin og spurningarnar í hringnum í lesbók bjóða upp á ýmsa möguleika. Nemendur geta t.d. unnið í þörum og spurt hver annað spurninganna. Þá geta nemendur sagt öðrum þörum svörin sem þeir fengu frá sínum viðmælenda við spurningunum.

Þeir geta t.d. sagt: *Han går i bad hver dag og spiser altid corn flakes til morgenmad o.s.frv.*

Þá má velta því upp hvað neðri myndin hefur með „kontakt“ að gera áður en textinn er lesinn.

Opgavebogen side 75

E. *Tandbørstesangen* er gamalt og vinsælt barnalag í Danmörku. Það er hægt að finna lagið á netinu í flutningi Lotte og Søren.

Textinn er einfaldur og ættu nemendur að geta sett orðin í eyðurnar án þess að heyra lagið. Í texta lagsins stendur: *du kysser en pige, så ved jeg hun vil sige ...* Hugsanlega mætti ræða þessa setningu við nemendur.

Opgavebogen side 76

Lytteøvelse 38

Myndin efst til vinstri á að tákna holla fitufrumu.

Hvatt er til þess að kennari og nemendur ræði á dönsku hvað myndirnar tákna, áður en hlustun hefst.

Tanker og følelser

Læsebogen side 74. Opgavebog B side 78-79.

Ef til vill má ræða um myndina efst á bls.74 í lesbók. Hvað er á myndinni og hvaða tilfinningar tengjast henni?

Opgavebogen side 78

B. Benda má nemendum á að í orðarununni standa stakir bókstafir á milli orðanna.

Opgavebogen side 79

D. Algengt að nemendur rugli saman *humør* og *humor* og því er ástæða til að leggja áherslu á þessi hugtök.

Forskellige følelser

Læsebogen side 74. Opgavebog B side 80-83.

Hér mætti virkja munnlega færni nemenda með því að fá þá til að svara spurningunni *Hvad gør dig genert? Jeg bliver genert når ...* o.s.frv. Jafnvel má taka inn fleiri tilfinningar eða spurningar um efnið, svo allir nemendurnir fái tækifæri til að svara.

Opgavebogen side 82

I. Hér væri tilvalið að láta nemendur skrifa frásögn eða sögu um myndirnar, eftir að búið er að setja númer á þær.

Dumme tanker og følelser

Læsebogen side 75. Opgavebog B side 83-84.

Orðin *tænker*, *tanker* og *tror* valda oft misskilningi. Orðin koma fyrir í textanum og getur verið ástæða til að vinna með orðin betur í öðru samhengi.

Stakkels mig

Læsebogen side 75. Opgavebog B side 85.

Opgavebogen side 85

A. Ekki er víst að nemendur viti svarið og þá þarf kennarinn að aðstoða þá.

Stærke følelser

Læsebogen side 76. Opgavebog B side 86.

Mælt er með að kennari og nemendur skoði myndina í lesbókinni áður en textinn er lesinn og geti sér til um hvað textinn fjallar. Það gæti komið einhverjum á óvart.

Undskyld

Læsebogen side 76. Opgavebog B side 87-88.

Teiknimyndasögur eru góðar til að virkja nemendur til að tjá sig munnlega. Eins er með þessa. Hægt er að ræða fyrirsögnina, umhverfi, útlit, tilfinningar o.fl.

Rotter viser følelser

Læsebogen side 77. Opgavebog B side 89-90.

Hér mætti ræða um hvernig dýr sýna tilfinningar.

Benda má á að stjarnan á blaðsíðu 77 í lesbók getur verið rammi og leiðbeiningar um hvernig byggja má upp frásögn munnlega og skriflega.

Fortæl om følelser - Þetta verkefni má endurtaka og útfæra á mismunandi hátt. Kennari getur auðveldlega búið til önnur frásagnarefni.

Opgavebogen side 89

C. Benda má nemendum á að milli orðanna í orðarununni er auka stafir.

Mere om din krop

Læsebogen side 78. Opgavebog B side 91-92.

Hér getur verið gott að ræða um myndirnar í lesbók áður en nemendur lesa textann.

Syg eller rask

Læsebogen side 79. Opgavebog B side 93.

I skolen

Læsebogen side 79. Opgavebog B side 93-95.

Opgavebogen side 95

D. Benda má nemendum á að svarið úr stafrófsverkefninu er það sem Rasmus segir í síðustu talblöðru myndasögunnar.

Hér gætu nemendur skrifað frásögn um myndasöguna.

Magnus kan dø af grin

Læsebogen side 80. Opgavebog B side 96.

Mælt er með að eignarfalls s sé útskýrt fyrir nemendum.

Nafnorð sem enda á s geta tekið eignarfallsendinguna -es (*Magnuses*) eða -' (*Magnus'*) eða einungis enga endingu (*Magnus*).

10 gode grunde til at grine

Læsebogen side 80. Opgavebog B side 97.

Hvetja má nemendur til að finna fleiri góðar ástæður til að hlæja.

